

Héraðsdómur Vesturlands

Úrskurður 16. desember 2019

Mál nr. E-69/2018:

Skagamálun ehf.

(Árni Freyr Árnason lögmaður)

gegn

Uppbyggingu ehf.

(Guðbjarni Eggertsson lögmaður)

Úrskurður

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 1. nóvember sl., var þingfest 6. nóvember 2018. Stefnandi er Skagamálun ehf., Jaðarsbraut 9, Akranesi. Stefndi er Uppbygging ehf., Beykiskógum 4, Akranesi.

Stefnandi krefst þess að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 7.621.033 krónur, ásamt dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 af 1.400.000 krónum frá 15/7 til 20/9 2017, af 4.400.000 krónum frá þeim degi til 3/10 2018 og af

7.621.033 krónum frá 6/11 2018 til greiðsludags. Stefnandi krefst og málskostnaðar úr hendi stefnda að mati réttarins.

Stefndi krefst þess aðallega að hann verði sýknaður af öllu kröfum stefnanda en til vara að krafa stefnanda verði lækkuð verulega. Jafnframt krefst stefndi málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnanda, auk álags á málskostnað, sbr. 2. mgr. 131. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

II.

Stefnandi tók að sér í mars 2017 málningarvinnu fyrir stefnda í fjölbýlishúsinu að Asparskógum 27 á Akranesi. Liggur fyrir í málinu ódagsett „Tilboð“ sem stefnandi kveður stefnda hafa samþykkt. Kemur þar m.a. fram að greiddar skuli 2.800 krónur, án virðisaukaskatts, á hvern fermetra og að innifalið sé allt efni. Einnig kemur þar fram að verði úthornalistar settir á öll úthorn sé verðið 1.800 krónur, án virðisaukaskatts, fyrir hvern lengdarmetra með listum, límsparsli og öllum frágangi.

Af hálfu stefnanda var unnið að þessu verki fyrir stefnda allt þar til í byrjun ágústmánaðar 2017 þegar forsvarsmaður stefnda tilkynnti forsvarsmanni stefnanda að vegna tafa á verkinu hefðu nýir málarar verið fengnir þar að og að þess væri óskað að starfsmenn stefnanda hyrfu þaðan á brott með sín verkfæri.

Við aðalmeðferð málsins voru skýrslur teknar af forsvarsmanni stefnanda, Stefáni Orra Sverrissyni, forsvarsmönnum stefnda, þeim Kristínu Minneyju Pétursdóttur og Engilbert Runólfssyni, og vitnunum Vilhjálmi Þrastarsyni, Ólafi Dór Baldurssyni, Sigrúnu Ríkharðsdóttur, Arnari Sveinssyni, Hermanni Hermannssyni, Finnboga Haraldssyni og Jens Sigurðssyni.

III.

Stefnandi kveður kröfu sína byggjast á rétti hans til efndabóta úr hendi stefnda og, samhliða og til vara, á vangoldnum reikningum á hendur stefnda vegna vinnu stefnanda í hans þágu. Grundvallist vinna stefnanda á samþykktu tilboði í verk á vegum stefnda. Stefndi hafi samþykkt umrætt tilboð og myndi það því bindandi verksamning milli aðila, sem stefndi geti ekki slitið fyrirvara- og bótalaust. Þær ástæður sem stefndi hafi borið fyrir sig til grundvallar slitum á verksamningnum séu fráleitt réttmætar og fjarri því að geta talist vanefndir, hvað þá verulegar vanefndir. Sé öllum staðhæfingum stefnda um ágalla á verki stefnanda mótmælt. Þær séu í fyrsta lagi ósannaðar. Í öðru lagi verði til þess að líta að stefndi hafi rift umræddum samningi fyrirvaralaust og því sé ýmsum verkþáttum ólokið, auk þess sem stefnanda hafi ekki verið gefinn kostur á að ljúka verkinu eða þeim verkþáttum sem hann hafi unnið að. Í þriðja lagi hafi stefnda borið, væru einhverjir ágallar á verkinu, að gefa stefnanda kost á að bæta úr þeim.

Verksamningi um framkvæmd á tilteknu verki fyrir verkkaupa verði ekki sagt upp bóttalaust nema til komi stórkostlegar vanefndir af hálfu verktaka. Vilji verkkaupi af einhverjum ástæðum segja upp slíkum samningi við slíkar kringumstæður verði hann að bæta verktakanum upp það tjón sem hann verði fyrir með því að gera hann eins settan og ef hann hefði fengið að ljúka verkinu í samræmi við verksamninginn. Rekstur stefnanda sé ekki umfangsmikill og hafi það verk sem stefnandi hafi tekið að sér fyrir stefnda verið það eina sem verið hafi á döfinni hjá stefnanda. Af þeim sökum hafi stefnandi ekki haft nein önnur verkefni til að vinna að eftir að stefndi hefði sagt verksamningnum upp fyrirvaralaust. Hafi stefnandi því setið uppi verkefnalaus og orðið að skipuleggja sinn rekstur á ný miðað við breyttar forsendur. Þá hafi stefnandi verið búinn að kaupa lungann af því efni sem hann hafi ætlað að nota í verkið fyrir stefnda. Hafi hann því setið uppi með efni án þess að fá greitt fyrir það. Honum hafi hins vegar tekist að takmarka tjón sitt að einhverju leyti með því að nota hluta þessa efnis í verkefni sem síðar hafi komið til. Með því, og einnig þeim sparnaði er af hafi hlotist með því að stefnandi hefði ekki þurft að klára efniskaup vegna verksins, dragist 800.000 krónur frá efnabótum sem næmu eftirstöðvum heildarvirðis verksins.

Dómkrafa stefnanda hljóði upp á fjárhæð sem nemi eftirstöðvum verðmætis verksins fyrir stefnanda. Samkvæmt tilboðinu hafi stefnandi átt að fá greiddar 2.800 krónur fyrir hvern málaðan fermetra og umsaminn heildarfermetrafjöldi átt að vera 3.800, eða samtals 10.640.000 krónur. Þá hafi stefnandi átt að fá greiddar 1.950 krónur fyrir hvern metra af úthornalistum í verkinu og umsaminn metrafjöldi átt að vera 802, eða samtals 1.563.900 krónur. Loks hafi stefnandi verið búinn að vinna aukaverk fyrir samtals 1.141.972 krónur við uppsögn verksamnings, sem leggist ofan á heildarvirði verksins. Væri því heildarverðmæti verksins samtals að fjárhæð 13.345.872 krónur. Þar af hafi stefnandi þegar fengið greiddar 4.924.839 krónur, án virðisaukaskatts, fyrir vinnu við verkið, auk þess sem hann hafi sparað sér 800.000 krónur vegna efniskaupa. Kæmu því samtals 5.724.839 krónur til frádráttar kröfu um efnabætur. Eftir standi hins vegar tjón stefnanda samtals að fjárhæð 7.621.033 krónur, sem sé sú fjárhæð sem stefnandi geri kröfu um í máli þessu, ásamt dráttarvöxtum.

Stefnandi sé þegar búinn að gera kröfu á stefnda um greiðslu á samtals 4.400.000 krónum og taki dráttarvaxtakrafa hans mið af því. Þannig hafi hann hinn 15. júlí 2017 gefið út

reikning á stefnda að fjárhæð 1.400.000 krónur, en þar af hafi 420.000 krónur verið vegna efniskaupa. Þá hafi hann gefið út reikning 20. september 2017 að fjárhæð 3.000.000 króna. Stefndi hafi hvorugan reikninginn greitt. Verði ekki fallist á málsástæðu stefnanda um efndabætur krefjist stefnandi þess að stefndi verði dæmdur til að greiða 4.400.000 krónur í samræmi við þessa reikninga stefnanda. Stefnandi hafi sannanlega unnið þá vinnu sem krafist hafi verið greiðslu fyrir með reikningum þessum og einnig greitt fyrir það efni sem hafi verið keypt og notað í þágu stefnda.

IV.

Stefndi byggir aðallega á því að stefnandi, sem hafi unnið fyrir stefnda við að mála húsið að Asparskógum 27, hafi í raun samþykkt að fara frá því verki vegna vanefnda af hans hálfu. Áður en til þess hefði komið hefði stefndi verið búinn að gera athugasemdir vegna þess tíma sem farið hefði í verkið og þess hversu fáir málarar hefðu verið þar við vinnu á hverjum tíma, enda hefðu önnur verk verið í biðstöðu vegna ólokinnar málningarvinnu. Þá hefði það gerst nokkru áður en til uppsagnarinnar kom að starfsmenn stefnanda mættu ekki til vinnu án þess að á því fengjust skýringar. Það hefði svo verið í aðdraganda verslunarmannahelgarinnar 2017 sem botninn hefði tekið úr og hefðu starfsmenn stefnanda ekki mætt á verkstaðinn eftir 20. júlí. Í tengslum við þetta hefðu átt sér stað samskipti með sms-skeytasendingum milli forsvarsmanns stefnanda, Stefáns Orra Sverrissonar, og forsvarsmanns stefnda, Engilberts Runólfssonar. Sérstaklega sé í því sambandi vísað til samskipta þeirra hinn 10. ágúst þar sem Engilbert hafi upplýst Stefán um að búíð væri að fá nýja menn í verkið, búíð væri að upplýsa málrameistara hússins um stöðuna og að samskiptum þeirra væri þar með lokið. Hafi forsvarsmaðurinn staðfest þessar málalýktir með eftirfarandi skeytasendingu þennan sama dag: „ok. Tek dótíð á morgun sem ég á þarna.“ Þessu skeyti hafi verið svarað þannig: „Ekki málið, hringdu á mig áður en þú kemur.“ Þessu hafi forsvarsmaður stefnanda svarað svo: „Ekkert mál“ og því næst: „Ok. Sækjum dótíð okkar í fyrramálið.“ Stefnandi hafi því samþykkt að láta af störfum og hafi forsvarsmaðurinn sótt verkfæri sín hinn 12. ágúst 2017.

Til vara sé á því byggt að stefnandi hafi með fyrrgreindum hægagangi og töfum vanefnt svo verulega samkomulag aðilanna um málun hússins að riftun þess hafi verið stefnda heimil. Mótmæli stefndi því með öllu að um ólögmeta uppsögn á verksamningi hafi verið að ræða og beri stefnandi hallann af sönnunarskorti þar um og einnig varðandi það

hvers efnis samningur aðilanna hafi verið, enda liggi enginn skriflegur samningur fyrir. Stefnandi hafi ítrekað verið beðinn um að leggja fram staðfestingu á efnis- og launakostnaði án þess að hann hafi brugðist við því.

Fyrir liggi að lögmenn aðila hafi í kjölfar framangreindrar uppsagnar samningsins verið í nokkrum samskiptum vegna uppgjörsmála allt til útgáfu stefnu í máli þessu. Í þeim samskiptum hafi stefnandi aldrei borið við ólögumætri uppsögn á verksamningi eða gert kröfu um efndabætur og hafi það fyrst verið nefnt í stefnu. Sé því um að ræða tómlæti af hálfu stefnanda hvað þetta varði.

Á því sé byggt að stefnandi hafi valdið stefnda umtalsverðu tjóni með háttsemi sinni sem stefnandi beri ábyrgð á. Um sé að ræða verulegan drátt á vinnu við verkið sem óneitanlega hafi kostað stefnda háar fjárhæðir, m.a. vegna hærri fjármagnskostnaðar við bygginguna, dýrara vinnuafls og óvissu um verklok, auk þess sem veruleg útgjöld hafi hlotist af ómarkvissum innheimtuaðgerðum stefnanda og kyrrsetningarbeiðni hans, sem hafi verið hafnað. Nemi beint fjártjón vegna m.a. lögmanskostnaðar samtals 472.250 krónum. Þá hafi orðið óbeint fjártjón og miskatjón vegna kyrrsetningartilraunar stefnanda, en skv. 1. mgr. 42. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o.fl. sé heimilt að dæma skaðabætur vegna slíks að álitum.

Stefndi hafni því með öllu að hann standi í skuld við stefnanda. Virðist kröfur stefnanda annars vegar byggjast á útgefnum reikningum samtals að fjárhæð 4.400.000 krónur og hins vegar á því að stefnandi eigi rétt á efndabótum. Um sé að ræða algjörlega óútskýrða, óljósa og vanreifaða stefnukröfu, sem með réttu eigi að leiða til frávísunar hennar án kröfu, sbr. d-, e- og g-liði 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Reikningsgerð stefnanda sé ekki studd neinum slíkum gögnum að unnt sé að byggja á henni. Stefnandi hafi hvorki lagt fram framvinduskýrslur eða stöðuúttektir né reikninga fyrir efniskaupum eða greiðslu launa til þeirra starfsmanna sem sagt sé að unnið hafi við verkið.

V.

Niðurstaða

Stefnandi byggir kröfu sína á því að aðilar hafi gert með sér verksamning um að stefnandi tæki að sér fyrir stefnda að mála að innan fjölbýlishúsið að Asparskógum 27 á Akranesi.

Hafi stefndi rift þeim samningi án lögmætrar ástæðu og því eigi stefnandi rétt á efndabótum úr hendi stefnda vegna þess tjóns sem hann hafi orðið fyrir vegna þessa eða til vara að stefnda verði gert að greiða honum í samræmi við tvo ógreidda reikninga.

Fyrir liggur að ekki var gerður neinn skriflegur verksamningur milli aðilanna. Stefnandi heldur því hins vegar fram að stefndi hafi í raun samþykkt það tilboð hans í verkið sem fram kemur í fyrirbyggjandi óundirrituðu og ódagsettu blaði sem ber yfirskriftina „Tilboð“ og hafi þar með komist á bindandi verksamningur milli þeirra. Hefur stefndi ekki mótmælt því að með aðilum hafi tekist samningur um að stefnandi tæki að sér að mála vegg innanhúss í umræddu húsi, ásamt tilheyrandi undirvinnu, gegn því gagngjaldi sem þar er tilgreint, það er 2.800 krónur án virðisaukaskatts fyrir hvern m². Þá kom fram hjá lögmanni stefnda við aðalmeðferð málsins að stefndi drægi í sjálfu sér ekki í efa þá fullyrðingu í stefnu að samningur aðilanna hefði miðast við að heildarflatarmál málaðra veggja yrði 3.800 m². Verður því lagt til grundvallar við úrlausn málsins að með aðilunum hafi tekist verksamningur um framangreinda málningarvinnu. Stefnandi hefur hins vegar ekki kannast við að neitt hafi verið samið milli aðila um uppsetningu svokallaðra úthornalista í húsið, en fram kemur í stefnu að stefnandi hafi átt að fá greiddar 1.950 krónur fyrir hvern lengdarmetra af úthornalistum og að samið hefði verið um uppsetningu á alls 802 metrum af þessum listum. Með því að ekkert annað er fram komið í málinu sem styður staðhæfingu stefnanda að þessu leyti verður ekki talið að hann hafi sýnt fram á að slíkur samningur hafi verið gerður milli aðilanna.

Óumdeilt er að stefndi rifti fyrrgreindum verksamningi aðilanna um málun í byrjun ágúst 2017 með því að tilkynna Stefáni Orra Sverrissyni, forsvarsmanni stefnanda, með sms-skeytasendingum að hann hefði fengið nýjan aðila að verkinu og farið fram á það við stefnda að hann fjarlægði af verkstaðnum öll sín tól og tæki. Hefur stefndi borið því við að þetta hafi verið nauðsynlegt vegna þeirra tafa sem þá hefðu verið orðnar á framvindu verksins, m.a. vegna fjarveru forsvarsmanns stefnanda frá verkstaðnum. Hins vegar liggur hvorki fyrir í málinu hvenær stefnanda bar að ljúka verkinu né að stefndi hafi með einhverjum hætti skorað á stefnda að bæta úr meintri seinkun á því innan hæfilegs frests, teldi hann framvindu þess vera í ósamræmi við samning þeirra, að viðlagðri riftun samningsins. Með hliðsjón af því verður ekki talið að stefndi hafi sýnt fram á að stefnandi hafi vanefnt samning þeirra svo verulega að stefnda væri heimil riftun hans. Var riftun

samningsins því ólögæt, enda verða svör forsvarsmanns stefnanda við fyrrgreindum sms-sendingum ekki túlkuð á þann veg að hann hafi þar verið að samþykkja riftunina.

Þótt stefnda hafi verið óheimilt að rifta samningi sínum við stefnanda var honum kleift, eftir þeim reglum sem gilda um verksamninga, að hafna efndum stefnanda með því að vísa starfsmönnum hans af staðnum og fá annan að verkinu í hans stað, sbr. dóm Hæstaréttar í málinu nr. 271/2017. Féll þá niður skylda beggja aðila til að efna samninginn eftir aðalefni sínu. Hins vegar gat eftir atvikum stofnast skaðabótakrafa á hendur stefnda eftir almennum reglum, sem fela meðal annars í sér að stefnanda bar eftir mætti að að takmarka tjón sitt.

Ekki sýnist ágreiningur um að allur kostnaður stefnanda af því að efna umræddan samning fyrir sitt leyti var innifalinn í umsömdum greiðslum. Stefnandi hefur hins vegar hvorki lagt fram rekstrarreikning vegna skattframtals hans fyrir árið 2017 né á annan hátt gert viðhlítandi grein fyrir launum sem hann greiddi starfsmönnum sínum eða öðrum útlögðum kostnaði á þessum tíma. Þá liggur ekki fyrir greinargerð af hálfu stefnanda um áætlaðan kostnað við öflun umræddra tekna. Þannig liggur ekkert fyrir um hvort stefnandi þurfti að greiða aðstoðarmanni, einum eða fleirum, bætur vegna missis vinnulauna, eftir að stefndi sleit verksamningnum eða grein gerð fyrir því hvaða tjóni vegna efniskaupa hann telji sig hafa orðið fyrir af völdum uppsagnarinnar. Samkvæmt þessu er ekki unnt að taka afstöðu til þess hve mikið tjón stefnandi kann að hafa beðið af völdum samningsslitanna. Af þessum ástæðum eru slíkir annmarkar á kröfugerð stefnanda að þessu leyti að ekki verður dómur á hana felldur.

Til viðbótar við framangreint gerir stefnandi kröfu til þess undir kröfuliðnum efndabætur að stefndi greiði honum fyrir unnin aukaverk að fjárhæð 1.141.972 krónur. Engin frekari grein er þó gerð fyrir þessum lið kröfugerðarinnar í stefnu og telst hún því svo vanreifuð að ekki verður dómur á hana lagður.

Verði ekki fallist á framangreint krefst stefnandi þess að stefndi verði dæmdur til greiðslu á kröfu samkvæmt tveimur reikningum hans á hendur stefnda samtals að höfuðstól 4.400.000 krónur. Er fyrri reikningurinn að fjárhæð 1.400.000 krónur, dags. 15. júlí 2017, en í honum kemur fram að hann sé vegna málunar á Asparskógum og að þar af sé kostnaður vegna efnis 420.000 krónur. Seinni reikningurinn er að fjárhæð 3.000.000

króna, dags. 20. september 2017, en í honum kemur fram að hann sé vegna vinnu við Asparskóga 27 og að um sé að ræða eftirstöðvar. Eru í báðum framangreindum fjárhæðum innifalinn virðisaukaskattur. Engin skýringargögn fylgja hins vegar þessum reikningum og ekkert annað kemur fram um þá í stefnu en að þeir hafi verið gerðir „í samræmi við framvindu“ umrædds verks og að stefnandi eigi „í öllu falli rétt á greiðslu fyrir þá vinnu sem þegar hefur verið unnin“. Er þessi kröfugerð stefnanda því einnig svo vanreifuð að ekki verður lagður á hana dómur.

Að því virtu verður að telja dómkröfur stefnanda svo vanreifaðar að ekki verður hjá því komist að vísa þeim frá dómi, með vísan til e-liðs 80. gr. laga nr. 91/1991.

Stefnandi greiði stefnda 500.000 krónur í málskostnað.

Ásgeir Magnússon dómstjóri kveður upp úrskurð þennan, en við uppkvaðningu hans var gætt ákvæða 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Skagamálun ehf., greiði stefnda, Uppbyggingu ehf., 500.000 krónur í málskostnað.

Ásgeir Magnússon